# Fimmtudagur 3. ágúst

## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Hringekjan.** Tuskubrúður og úlfaldi með hrukkótt hné. (Storybreak). Bandarísk teiknimynd. Leikraddir Sigrún Waage. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir.
18.20 **Unglingarnir í hverfinu** (Degrassi Junior High). Kanadískur myndaflokkur um unglinga í framhaldsskóla. Þýðandi Reynir Harðarson.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Hver á að ráða?** (Who's the Boss?). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Ýrr Bertelsdóttir.
19.20 **Ambátt.** (Escrava Isaura). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Gönguleiðir.** Þáttaröð um þekktar og óþekktar gönguleiðir – Papey. Leiðsögumaður Stefán Aðalsteinsson. Umsjón Jón Gunnar Grjetarsson.
20.55 **Matlock.** Bandarískur myndaflokkur um lögfræðing í Atlanta og einstæða hæfileika hans við að leysa flókin sakamál. Aðalhlutverk Andy Griffith. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
21.45 **Íþróttir.** Stiklað á stóru í heimi íþróttanna hérlendis og erlendis.
22.00 **Afrískir hlauparar** (Afrikas Sorte Guld). Margir bestu langhlauparar heims eru frá Keníu. Í heimavistarskóla í afskekktu héraði hefur írskur prestur og kennari, Colin O'Connell, þjálfað Peter Rono og fleiri stórhlaupara. Þýðandi og þulur Gylfi Pálsson. (Nordvision – Danska sjónvarpið)
23.00 **Ellefufréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Með Beggu frænku.** Endurtekinn þáttur frá síðastliðnum laugardegi.
19.00 **Myndrokk.** Tónlist.
19.19 **19:19.** Lifandi fréttaflutningur ásamt umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.00 **Brakúla greifi.** Teiknimynd um grænmetisætuna og félaga er að sjálfsögðu með íslensku tali.
20.30 **Það kemur í ljós.** Þeir spilafélagarnir fá góða gesti og taka óskalögin ykkar eins og þeim einum er lagið. Ef ykkur langar til þess að heyra eitthvert lag eða hafið einhverjar aðrar óskir sem þeir félagarnir gætu uppfyllt í þættinum þá endilega sendið þeim línu. Munið bara að merkja umslagið „Það kemur í ljós" og heimilisfangið er Stöð 2, Krókhálsi 6, 110 Reykjavík. Umsjón Helgi Pétursson.
21.05 **Af bæ í borg.** Perfect Strangers. Bandarískur gamanmyndaflokkur.
21.35 **Morð í þremur þáttum.** Murder in Three Acts. Eitt ástsælasta hugarfóstur Agöthu Christie, nefnilega Hercule Poirot, er hér í höndum hins frábæra leikara Peters Ustinov. Þær eru ófáar kvikmyndirnar sem gerðar hafa verið eftir sögum Agöthu og oftast hefur Ustinov farið með hlutverk glæpauppljóstrarans og sérvitringsins skemmtilega. Jonathan Cecil, sem fer með hlutverk Hastings, er aðdáendum Agöthu Christie vel kunnur en oftast hefur hann verið við hlið Ustinovs í þessum vinsælu kvikmyndum. Kvikmyndin er byggð á samnefndri bók skáldkonunnar. Aðalhlutverk Peter Ustinov, Tony Curtis, Emma Samms og Jonathan Cecil.
23.05 **Jassþáttur.**
23.30 **Crunch.** Reyndur lögreglumaður í morð- og innbrotadeild ásamt ungum samstarfsmanni sínum verkja hvetjandi á löghlýðna íbúa Los Angeles-borgar en skapa ugg hjá þeim sem brjóta lögin. Hinn reyndi lögreglumaður, Crunch, nýtur mikillar virðingar í starfi og reynslan hefur kennt honum að betra er að beita hyggjuvitinu en lögum í samskiptum sínum við lögbrjóta. Aðalhlutverk Yaphet Kotto, Stephen Nathan og Richard Venture. Bönnuð börnum.

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Gunnar Kristjánsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið.** með Edward Frederiksen.
9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
9.03 **Litli barnatíminn:** Viðburðaríkt sumar eftir Þorstein Marelsson. Höfundur les (8.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn.** Umsjón: Þorlákur Helgason.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn** – Umferðarmenning. Umsjón: Álfhildur Hallgrímsdóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** Pelastikk eftir Guðlaug Arason. Guðmundur Ólafsson les (3.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Miðdegislögun.** Snorri Guðvarðarson blandar. (Frá Akureyri) (Einnig útvarpað aðfaranótt þriðjudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Ef . . . hvað þá?** Bókmenntaþáttur í umsjá Sigríðar Albertsdóttur. (Endurtekinn frá 13. júlí sl.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** Umsjón: Sigríður Arnardóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Barber og Williams. Sumartónlist fyrir tréblásarakvintett op. 21a eftir Samuel Barber. Blásarakvintett Björgvinjar leikur. Sinfónía nr. 5 í D-dúr eftir Vaughan Williams. Sinfóníuhljómsveit Lundúna leikur; André Previn stjórnar.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 4.40.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni í umsjá Ólafs Oddssonar.
19.37 **Kviksjá.** Umsjón: Freyr Þormóðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir. (Einnig útvarpað á sunnudagskvöld kl. 21.10.)
20.00 **Litli barnatíminn:** Viðburðaríkt sumar eftir Þorstein Marelsson. Höfundur les (8.) (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Tónlistarkvöld Útvarpsins** – Kynningartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands 23. september í fyrra. Stjórnandi: Petri Sakari. Einleikari: Ásgeir Steingrímsson. Serenaða fyrir blásara eftir Richard Strauss. Trompetkonsert eftir Johann Nepomuk Hummel. Carmen-svíta, tónlist úr óperu Georges Bizets í útsetningu eftir Rodrion Scherdrin. Kynnir: Benedikt Árnason.
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Hvað er kvikmyndahandrit?** Umsjón: Ólafur Angantýsson.
23.10 **Gestaspjall.** Umsjón: Sverrir Guðjónsson. (Einnig útvarpað mánudag kl. 15.03.)
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## Rás 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, maður dagsins kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.03 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin. Hagyrðingur dagsins rétt fyrir þrjú og Veiðihornið rétt fyrir fjögur.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Sigurður Þór Salvarsson, Lísa Pálsdóttir og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum. – Meinhornið.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins** – Þorpin á Snæfellsnesi. Rætt verður við unglinga í Stykkishólmi, Grundarfirði, Ólafsvík og á Hellissandi. Við hljóðnemann eru Vernharður Linnet og Atli Rafn Sigurðsson.
22.07 **Sperrið eyrun.** Anna Björk Birgisdóttir leikur þungarokk á ellefta tímanum.
01.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

01.00 **Blítt og létt . . .** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
02.00 **Fréttir.**
02.05 **Paul McCartney og tónlist hans.** Lokaþáttur. Skúli Helgason fjallar um tónlistarferil Paul McCartney í tali og tónum. Þættirnir eru byggðir á nýjum viðtölum við McCartney frá breska útvarpinu, BBC. (Endurtekinn þáttur frá sunnudegi.)
03.00 **Rómantíski róbótinn.**
04.00 **Fréttir.**
04.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi fimmtudagsins.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá Rás 1 kl. 18.10.)
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Blítt og létt . . .** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00. Svæðisútvarp Austurlands kl. 18.03–19.00

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið. Bibba í heimsreisu kl. 10.45.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu. Bibba í heimsreisu kl. 17.45.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. Umsjónarmaður er Arnþrúður Karlsdóttir.
19.00 **Snjólfur Teitsson.** Þægileg tónlist í klukkustund.
20.00 **Listapopp.** Íslenski listinn milli 20 og 22. Listar frá Bretlandi, Bandaríkjunum og Evrópu kl. 22–24. Pétur Steinn Guðmundsson, Gunnlaugur Helgason og Bjarni Haukur Þórsson.
24.00 **Næturdagskrá.**
Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson** Morgunhress í meira lagi. Fréttir kl. 8 og 10. Stjörnuskot kl. 9 og 11.
9.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Hádegisverðarpottur Stjörnunnar og Hard rock, Bibba og fleira. Bibba í heimsreisu kl. 10.45.
14.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Lögin við vinnuna. Stjörnuskáldið valið kl. 16.30. Hlustendur láta í sér heyra. Bibba í heimsreisu kl. 17.45.
19.00 **Snorri Sturluson.** Nýr liðsmaður á Stjörnunni leikur nokkur vel valin gullaldarlög.
20.00 **Íslenski listinn.** Ýtarleg umfjöllun um vinsælustu lögin í Bretlandi, Bandaríkjunum og Evrópu. Umsjónarmenn eru Pétur Steinn Guðmundsson, Gulli Helga og Bjarni Haukur.
24.00 **Næturvakt Stjörnunnar.**
Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Rót ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
13.30 **Mormónar.** Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu.
14.00 **Við og umhverfið.** E.
14.30 **Elds er þörf.E.**
15.30 **Upp og ofan.**
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Í hreinskilni sagt.** Pétur Guðjónsson.
18.00 **Kvennaútvarpið.** Ýmis kvennasamtök.
19.00 **Neðanjarðargöngin 7–9–13.** Óháður vinsældalisti.
21.00 **Úr takt.** Tónlistarþáttur með Hafliða Skúlasyni og Arnari Gunnari Hjálmtýssyni.
22.00 **Tvífarinn.** Tónlistarþáttur í umsjá Ásvalds Kristjánssonar.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt.**

## EFF EMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrimur Ólafsson.**
19.00 **Anna Þorláks.**
22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
1.00– 7 **Páll Sævar Guðnason.**

## SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaefni.
7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Proplem Shared.** Fræðsluþáttur með ráðleggingum.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.**
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
14.45 **Lady Lovely Locks.** Teiknimyndasería.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni
18.00 **Sale of the Century.** Spurningaþáttur.
18.30 **Beyond 2000.** Vísindaþáttur.
19.30 **The Streets of San Francisco.** Sakamálaþáttur.
20.30 **The Paper Chase.** Framhaldsmyndaflokkur
21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.30 **Top End Down Under.** Ferðaþáttur.

## SKY MOVIES

13.00 **The Dove.**
15.00 **Panda and the Magic Serpent.**
17.00 **Short Circuit.**
19.00 **Gentlemen Prefer Blondes.**
21.00 **Badlands.**
22.45 **Loophole.**
00.30 **The Hitchhiker.**
01.00 **The Other.**
03.00 **Short Circuit.**

## EUROSPORT

9.30 **Heimsleikar.**
10.30 **Trans World Sport.** Fréttir og úrslit.
11.30 **Hrossasýning.**
12.30 **Knattspyrna.**
13.30 **Golf.** Eldri menn á Bretlandi keppa.
14.30 **Knattspyrna.**
15.30 **Eurosport Menu.**
16.00 **Golf.** Swedish Open.
17.00 **Mobil Motor Sport News.** Fréttir og fleira úr kappaksturkeppnum.
17.30 **Surfer magazine.** Brimbrettakeppni á Hawaii.
18.00 **Kajakakeppni.**
19.00 **Blak.**
20.00 **Hestaíþróttir.**
21.00 **Ástralski fótboltinn.**
22.00 **Golf.** Swedish Open.

## SUPER CHANNEL

13.30 **Poppþáttur.**
14.30 **Hotline.**
16.30 **Nino Firetto.** Tónlistarþáttur.
17.30 **'Allo 'Allo.** Gamanþáttur.
18.00 **Not Just Another Affair.** Kvikmynd.
19.50 **Fréttir og veður.**
20.00 **Packin' It In.** Kvikmynd.
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**



Jón Gunnar Grjetarsson og Stefán Aðalsteinsson í Papey. Stefán heldur á lunda sem hann fangaði þar.

## Sjónvarp kl. 20.30:
# Gönguleiðir

Á þessum votviðristímum verða flestir Reykvíkingar að láta sér nægja að dreyma um útiveru í sólríkri, guðsgrænni náttúrunni. Gott tækifæri gefst til þess í kvöld þegar Sjónvarpið flytur okkur fimmta þáttinn í Gönguleiðum.

Umsjónarmaður þáttarins, Jón Gunnar Grjetarsson, hefur fengið til liðs við sig Stefán Aðalsteinsson og ætla þeir að tipla yfir móa og hóla austur í Papey.

Tvímenningarnir leggja upp frá Áttæringsvogi og koma við í Hellisbjörgum, Árhöfn, Selavogi og Eldriði og ljúka svo ferð sinni þar sem þeir hófu hana. Á leið þeirra ber margt fyrir augu, þverhníptir hamrar og fleira skemmtilegt. Dýralíf eyjarinnar er líka kynnt og Stefán Aðalsteinsson gerir sér lítið fyrir og fangar lunda við björgin há.

## Stöð 2 kl. 21.35:
# Morð í þremur þáttum

Hercule Poirot, sá feiti leynilögreglumaður og lífsnautnamaður, fær ekki frið til að sóla bumbuna í Acapulco því hann verður að komast að því hver myrti prest og síðan frægan taugalækni.

Poirot er í Acapulco í boði góðvinar síns, leikarans Charles Cartwright, sem hefur sest í helgan stein í glæsilegu húsi við sjávarsíðuna og hefur boðið til veislu af því tilefni. Fjölda gesta drífur að og þeir hafa varla náð því að ljúka úr fyrsta glasi kvöldsins þegar presturinn Babbington grípur um kverkar sér og hnígur örendur niður.

Dauði prestsins er talinn vera af eðlilegum toga, meira að segja Poirot er á þeirri skoðun. Margt óvænt á þó eftir að gerast, svo sem dauði taugalæknisins Strange. Ekki þarf að orðlengja að Poirot hefur leit að ódæðismanninum og kemur upp um hann á lokuðum fundi málsaðila, eins og alltaf gerist í sögum Agöthu Christie.

Hercule Poirot er að vanda leikinn af Peter Ustinov. Aðrir sem fram koma eru Tony Curtis, Emma Samms og Jonathan Cecil. Leikstjóri er Gary Nelson.



Starfsmenn dægurmáladeildar rásar 2 funda um málefni dagsins.

## Rás 2 kl. 17.30:
# Meinhornið

Íslendingar eru mestu nöldurskjóður á byggðu bóli. Þar af leiðandi hafa þeir tekið feginshendi nöldur- og kvartanaþættinum Meinhorninu sem er útvarpað á fimmtudögum í dægurmálaútvarpi rásar 2 enda skemmtilegt og djarft útvarpsefni.

Stjórnendur dægurmálaútvarpsins setja það skilyrði að þátttakendur í Meinhorninu hafi yfir einhverju að kvarta og þori að standa við það. „Við höfum kallað Meinhornið þjóðhagsstofnun almennings," segir Stefán Jón Hafstein. Hann er reyndar skammaður manna oftast í Meinhorni fyrir hvöt tilsvör í garð þeirra sem þora að opna munninn.

Í Meinhorninu rúmast allt sem aflaga fer. Enginn hefur efni á að hlusta ekki. Hver veit nema röfl og kvartanir náungans gefi tilefni til að röfla og kvarta.